

Formáli ritstjóra

Í vorhefti *Ritradar Guðfræðistofnunar* þetta árið er að finna fjórar ritrýndar greinar sem spanna vítt svið, allt frá sálmafræði innblásinni af gjörningum rússneskrar pönkhljómsveitar til samfélagssögu Íslands á nítjándu öld, frá hinu rómantíska landslagsmálverki yfir í túlkunarfræði á fornum textum Fimmbókaritsins. Þá er þar einnig að finna eina óritrýnda grein um enska þýðingu Passíusálmanna og tvo ritdóma um nýlegar fræðibækur, aðra sænska og hina íslenska.

Í grein sem nefnist „Sjálfsvíg og sveitasamfélag: Aðdragandi — aðferðir — afleiðingar“ fjallar Hjalti Hugason um sjálfsvíg í íslensku sveitasamfélagi á nítjándu öld frá félags- og menningarsögulegu sjónarhorni. Hjalti fjallaði um tengt efni í síðasta hefti *Ritradarinnar* og haldast þessar greinar að mörgu leyti í hendur. Auk greiningar á aðdraganda og aðferðum sjálfsvíga á grundvelli ítarlegrar heimildagreiningar, beinir hann sjónum að hinu samfélagslega samhengi sjálfsvíga og leggur sérstaka áherslu á sveitaheimilið sem stofnun í því sambandi, sem hann telur tæpast hafa verið fært um að mæta sjálfsvígum upp á eigin spýtur.

Segja má að greinin „„Móðir Guðs, meýja, við biðjum þig, vertu femínisti!“: Sálmafræði frá sjónarhóli pönkbænar Pussy Riot“ sé á sviði róttækrar sálmafræði en þar fjallar Sigríður Guðmarsdóttir um birtingarmynd Maríu í sálmum og beinir athyglinni sérstaklega að félagspólitísku samhengi hennar. Hún sækir innblástur í pönkbæn rússnesku hljómsveitarinnar Pussy Riot sem flutt var í Moskvu árið 2012 en þangað er titill greinarinnar einnig sóttur. Í kjölfar greiningarinnar á pönkbæninni, en einnig í ljósi hennar og annarrar sálmafræðilegrar umfjöllunar um Maríu meý, fjallar Sigríður um Maríumyndir í hinni nýju *Sálmabók íslensku kirkjunnar* frá 2022.

Eins og titillinn ber með sér, er gullkálfurinn úr Annarri Mósebók 32.1–6 í eldlínunni í grein Jóns Ásgeirs Sigurvinssonar. Þar bregst höfundur við gagnrýni sem sett var fram á útleggingu Guðrúnar Karls Helgudóttur, biskups Íslands, á frásögninni af gullkálfinum í predikun við setningu Alþingis haustið 2024. Í greininni leggur höfundur áherslu á nauðsyn þess að gera greinarmun á því sem kallað er *túlkunarfræði* (e. *hermeneutics*) annars vegar og því sem kallast *ritskýring* (e. *exegesis*) hins vegar, en með henni er markmiðið að komast að merkingu og markmiði texta í upprunalegu bókmennta- og sögulegu samhengi hans. Sú hafi ekki verið raunin í gagnrýninni sem sett var fram á predikun biskups. Niðurstaða Jóns Ásgeirs er að sögunni um gullkálfinn sé ætlað að verja frelsi Guðs og óhöndlanleika og andmæla guðsmynd sem felur í sér þá trú að hemja megí guðdóminn og setja honum skorður, t.d. í listilega útbúnu líkneski.

Í greininni „Munkurinn á ströndinni“ ræðst Sigurjón Árni Eyjólfsson í guðfræðilega greiningu á landslagsmálverki þýska listmálarans Caspars Davids Friedrichs. Sigurjón fjallar um þau miklu menningarlegu straumhvörf sem áttu sér stað á nítjándu öld og dregur fram hvernig nítjándu aldar hugsuðir, þ.m.t. listmálarinn Friedrich, en einnig guðfræðingar á borð við Friedrich Schleiermacher, unnu að því að móta tungutak og myndmál sem samræmst gæti nútímaheimsmynd. Í greininni eru færð rök fyrir því að í hringiðu þessarar deiglu hafi

Friedrich auðnast að veita nútímamálverkinu hagnýtt myndmál sem styðjast má við þegar orða á tilvistarvanda nútímamannsins í mynd.

Svo að vikið sé að öðru og óritrýndu efni þessa vorheftis *Rittraðarinnar* skal fyrst nefnd grein eftir Mördur Árnason þar sem hann fjallar um nýlega enska þýðingu á texta Passíusálmanna og leggur Mördur sérstaka áherslu á birtingarmynd gyðinga í sálmunum í samanburði við hina ensku þýðingu. Gunnlaugur A. Jónsson fjallar í ritdómi um bók eftir Lenu-Sofiu Tiemeyer sem út kom í Svíþjóð á síðasta ári og Hreinn Hákonarson rýnir bók Torfa K. Stefánssonar Hjaltalín um séra Hallgrím Pétursson, sem einnig kom út árið 2024.

Er það ósk mín sem flestir lesendur kunni að finna sitthvað áhugavert við sitt hæfi í hinu fjölbreytilega efnisvali *Rittraðarinnar* að þessu sinni. Um leið óska ég öllum sem þetta lesa gleðilegs og gæfuríks sumars.

Haraldur Hreinnsson